



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykholahrepps
miðvikudaginn 1. mars 2023, kl. 16:45.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir eru:

Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH)

Vilberg Þráinsson (VP)

Ólafía Sigurvinsdóttir (ÓS) í fjarveru Ástu Sjafnar Kristjánsdóttur

Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi Reykholahrepps

Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri í leikskóla Hólabær

Sandra Rún Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi fyrir hönd foreldra

Anna Margrét Tómasdóttir skólastjóri Reykhólaskóla

Formaður nefndarinnar ritaði fundargerð og er hún 2 bls.

Formaður nefndarinnar bauð alla velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboð og fundargögn. Engar athugasemdir.

Því næst var kannað með önnur mál á dagskrá. Fjögur mál bárust og samþykkt að taka tvö mál fyrir undir liðnum “mál til kynningar” og tvö mál undir liðnum “önnur mál”.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 11. janúar 2023.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu:

2. Skólaakstur - reglur Reykholahrepps.

ÁHH leggur fram reglur um skólaakstur.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja reglurnar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Samþykkt samhljóða.

3. Akstursáætlun Reykhólaskóla.

Akstursáætlun skal vera yfirfarin af skólastjóra í samráði við skólabílstjóra ár hvert við upphaf skólaárs – eins ef breytingar verða á akstursleið. Akstursáætlun skal vera aðgengileg á heimasíðu

Reykholaskola og Reykholahrepps við upphaf skólaárs. Áætlunin skal vera samþykkt af mennta- og menningarmálanefnd.

ÁHH leggur fram akstursáætlun Reykholaskóla fyrir veturinn 2022-2023.

Áætlunin samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla Tómsundafulltrúa.

Jóhanna fer yfir skýrslu tómsundafulltrúa.

Bogfimisamband Íslands verður með tilraunaverkefni á Reykhólum og opna bogfimdeild. Tómsundastarfið verður samstarfsaðili að þessu verkefni og sér um skipulag og utanumhald.

Stefnt á að halda opna samfélagsviðburði í félagsmiðstöð, bókasafni og íþróttahúsi.

5. Skýrsla deildarstjóra Hólabæjar.

Íris fer yfir skýrslu leikskóladeildar.

Foreldraviðtöl á næstunni.

Áfram ítrekað að klára að ganga frá leikskólavellinum.

6. Skýrsla skólastjóra Reykholaskóla.

Anna fer yfir skýrslu Reykholaskóla.

Rætt um heimasíðu Reykholaskóla og endurbætur á henni.

Skólaping verður 22. mars og Árshátíð Reykholaskóla verður 30. mars kl. 18:00.

7. Skýrsla - Skóli í skýjunum.

Skýrslu Skóla í skýjunum frestað til næsta fundar vegna fjarveru Krístrúnar.

Mál til kynningar:

8. Reglur um útleigu á íþróttasal og umgengnisreglur í íþróttahúsi.

Lagðar fram til kynningar reglur um útleigu á íþróttasal og umgengnisreglur í íþróttahúsi sem voru samþykktar í sveitarstjórn 22.2.2023. Öryggishandbók fyrir íþróttahús í vinnslu.

9. Reglur um læknisrannsókn á fólki sem flyst til Íslands og Uppfærð túlkun frá sóttvarnarlækni.

Efni skjalana kynnt fyrir nefndinni.

10. Ráðstöfun fjármuna í grunnskólum - erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Farið yfir efni bréfsins.

Önnur mál:

11. Bókasafn

Rætt um framtíð bókasafnsins.

Formanni nefndarinnar falið að kanna hvort lög um héraðsbókasöfn hamli því að í skólanum verði bara skólabókasafn. Samþykkt samhljóða.

12. Ósk um breytingu á skóladagatali.

Óskað eftir að færa starfsdag í grunnskóla sem áætlaður er 21. apríl til 28. apríl.

Nefndin samþykkir breytinguna fyrir sitt leiti. Skólastjóra falið að auglýsa breytinguna til skólasamfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl: 18:55

Fundargerð undirrituð rafrænt.